

Hér með gera Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit með sér eftifarandi

## SAMSTARFSSAMNING UM FÉLAGSSTARF ALDRAÐRA

### 1. gr.

Á vegum félagsmálaráðs Akraness er boðið upp á félagsstarf aldraðra fyrir 67 ára og eldri Akurnesinga og íbúa Hvalfjarðarsveitar.

### 2. gr.

Árlegum kostnaði við rekstur félagsstarfsins skal skipt á sveitarfélögin í hlutfalli við íbúafjölda í hvoru sveitarfélagi. Skal hlutfall þetta miðast við íbúafjölda hvors sveitarfélags 1. desember ár hvert, en kostnaðarskipting vera samkvæmt því hlutfalli næsta almanaksár á eftir.

### 3. gr.

Hvalfjarðarsveit greiðir framlag sitt ársfjórðungslega ár hvert, 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. september. Endanlegt uppgjör kostnaðar fyrir hvert ár fer fram þegar ársreikningur bæjarsjóðs Akraness liggur fyrir.

### 4. gr.

Í tengslum við fjarhagsáætlunargerð bæjarsjóðs Akraness skal Hvalfjarðarsveit kynnt áæthluð framlög til félagsstarfs aldraðra.

### 5. gr.

Samningur um samstarf sveitarfélaganna var fyrst gerður 16. mars 1999 og endurnýjaður 12. maí 2006.

Hvor samningsaðili um sig getur skriflega óskað eftir endurskoðun á einstökum ákvæðum samnings þessa með 6 mánaða fyrirvara, eða sagt honum skriflega upp með 12 mánaða fyrirvara og skal uppsögn þá miðast við áramót.

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2008. Réttindi og skyldur aðila samkvæmt eldri samningi frá 12. maí 2006 skulu haldast óbreytt fram að gildistöku þessa samnings, en eldri samningur fellur niður við gildistöku þessa samnings, án frekari aðgerða af hálfu aðila.

Akranesi, 20. desember 2007,

F.h. Akraneskaupstaðar:

Karen Jónsdóttir  
Guðrún Óskarsdóttir  
Jóhanna Þórhildur

F.h. Hvalfjarðarsveitar:

Einar Þ. Þórhil  
Haukur Þórhil

(KT)